



Mannréttindastefna Parfapings hf.

1. Inngangur

Parfaping hf. skuldbindur sig til að virða og styðja við mannréttindi í allri starfsemi sinni. Fyrirtækið viðurkennir ábyrgð sína sem atvinnurekandi og framkvæmdaraðili og vinnur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindaviðmiðum, þar á meðal Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og grundvallarreglum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO) um réttindi launafólks.

2. Gildissvið

Stefnan gildir fyrir alla starfsmenn, verktaka, birgja og aðra samstarfsaðila sem koma að starfsemi fyrirtækisins, hvort sem er innanlands eða erlendis.

3. Jafnræði og virðing

Við leggjum ríka áherslu á jafna meðferð og virðingu í garð allra einstaklinga, óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, þjóðerni, trúarbrögðum, aldri, fötlun, stjórnmálaskoðunum eða annarri persónulegri stöðu. Mismunun, einelti eða hvers kyns áreitni eru með öllu óheimil í starfsemi fyrirtækisins.

4. Réttindi starfsmanna

- Parfaping hf. tryggir öllum starfsmönnum öruggt og heilnæmt vinnuumhverfi í samræmi við íslensk lög og viðeigandi reglugerðir.
 - Fyrirtækið tryggir réttmætar launagreiðslur, viðeigandi hvíldartíma og orlof, í samræmi við kjarasamninga og lög.
 - **Barnavinna**, nauðungarvinna og önnur atferli sem brjóta gegn grundvallarmannréttindum eru alfarið bönnuð.
 - Við virðum rétt starfsmanna til að stofna og ganga í stéttarfélög og að taka þátt í löglegum kjaraviðræðum.
-

5. Undirverktakar og birgjar

Við gerum sömu kröfur til samstarfsaðila og við gerum til okkar sjálfra. Þarfapíng hf. vinnur einungis með birgjum og undirverktökum sem virða mannréttindi og tryggja starfsmönnum sínum öruggar og sanngjarnar aðstæður. Við áskiljum okkur rétt til að gera úttektir eða krefjast upplýsinga um vinnuaðstæður þeirra sem vinna fyrir okkar hönd.

6. Öryggi og velferð á vinnustað

- Öryggi starfsmanna er ávallt í forgangi. Við leggjum áherslu á fyrirbyggjandi vinnuvernd og tryggjum að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun og búnað til að sinna störfum sínum á öruggan hátt.
- Við styðjum við opið og traust samskiptakerfi þar sem starfsmenn geta tjáð áhyggjur sínar eða tilkynnt um misbresti án ótta við refsingu eða aðra neikvæða afleiðingu.

7. Samfélagsábyrgð

Þarfapíng hf. vinnur að því að lágmarka neikvæð samfélagsleg og umhverfisleg áhrif af starfsemi sinni og leitast við að skila jákvæðum áhrifum til samfélagsins. Við vinnum í sátt við nærsamfélög og sýnum samfélagslega ábyrgð í öllum okkar verkum.

8. Eftirfylgni og endurskoðun

Stefnan er reglulega endurskoðuð og uppfærð eftir því sem nauðsyn krefur. Kvartanir, ábendingar eða brot á stefnunni eru tekin alvarlega og meðhöndluð samkvæmt formlegum verkferlum fyrirtækisins.

Hafnarfjörður 2025

Stjórn Þarfapíngs hf

Finnur Árnason, form.

Sólveig Sigurpórsdóttir

Eggert E. Jónsson